

Ársskýrsla Réttindaráðs Víkurskóla

Starfsárið 2025–2026

1. Inngangur og hlutverk

Víkurskóli vinnur markvisst að því að verða **Réttindaskóli UNICEF**. Sem liður í því ferli var Réttindaráð skólans stofnað, en það starfar sem lýðræðis-, jafnréttis- og mannréttindateymi skólans.

Markmið ráðsins er að tryggja að grunnforsendur Barnasáttmálans séu útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og félagsmiðstöðvastarfi, og að sáttmálinn endurspeglast í samskiptum allra innan skólans. Þátttaka í ráðinu er metin sem valfag og fundir fóru fram á fimmtudögum kl. 14:55.

Umsjónarmenn verkefnisins:

- Ásrún Ágústsdóttir (umsjón með réttindaráði)
- Björk Gunnbjörnsdóttir
- Eydís
- Stefán Örn Kárasón
- Svava Margrét Ingvarsdóttir

Fulltrúar nemenda í Réttindaráði:

- 8. bekkur:** Líf, Anna María, Katla,
- 9. bekkur:** Harpa, Finnur
- 10. bekkur:** Samúel, Vangelis, Úlfur

2. Helstu verkefni og umræðuefni vetrarins

Á starfsárinu komu upp mörg stór mál þar sem nemendur nýttu rödd sína til að benda á það sem betur má fara í skólastarfinu. Helstu málaflokkar voru:

Lýðræði og kosningar í skólanum

- **Gagnrýni á val fulltrúa:** Ráðið ræddi mikið hvernig vali í önnur ráð skólans, sérstaklega skólaráði væri háttað. Nemendur upplifðu ákveðið „einræði“ þar sem skólastjóri velur fulltrúa frekar en að kosið sé.
- **Krafa um breytingar:** Nemendur vilja lýðræðislegri vinnubrögð, þar sem hver bekkur/árgangur fær að kjósa sína fulltrúa. Lagt var til að halda **kosningaviku í Uglu** í upphafi skólaársins.

Umsjónarhópar og skipulag skóladagsins

- **Fyrirkomulag umsjónartíma:** Rætt var mikið um kosti og galla þess að blanda árgöngum í umsjónarhópa. Þótt það geti valdið ákveðnu kaosi, þá læra nemendur mikið hver af öðrum. Sætaskipan gæti verið nýtt til að blanda hópnum betur.
- **Tímasetning:** Ráðið leggur til að dagurinn byrji á 15–20 mínútna umsjónartíma í sömu stofu á hverjum degi, frekar en að enda daginn þar.
- **Uglutímar:** Nemendur telja tvöfalda uglutíma erfiða og kalla eftir meira uppbroti (t.d. lotuvinnu á milli). Einnig lögðu nemendur fram að töflur árganga að samræmast betur (t.d. stærðfræði og uglas á sama tíma). Bekkjarfundir eru taldir of sjaldan en virka vel þegar þeir eru haldnir.

Skólaandinn og umhverfið

- **Aðgerðir gegn niðyrðum:** Fulltrúar réttindaráðs gengu um skólann og strokuðu út niðyrði af veggjum til að gæta að réttindum Barnasáttmálans.
- **Sýnileiki Barnasáttmálans:** Sáttmálinn var hengdur upp í skólanum ásamt matseðlum til að auka upplýsingaflæði.
- **Fyrirmyndaveggur í stærðfræði:** Ráðið lýsti yfir áhyggjum af „fyrirmyndaveggnum“. Nemendum þykir hann ekki hvetjandi og veldur því frekar að þau sem ekki ná á listann finni til vanmáttar, þeim finnst þau ekki nógu og góð.

Tækni og gervigreind (AI)

- **Gervigreindarnotkun:** Nemendur lýstu yfir þreytu á gervigreind (AI). Bent var á ákveðna hræsni þar sem nemendum er bannað að nota gervigreind en kennarar nota hana mikið sjálfir. Finna þarf meira jafnvægi þar á, hvernig við ætlum að nota gervigreindina.
- **Skjáir í skólanum:** Óskað var eftir minna af „óþarfa dóti“ á skjáum skólans og meiri áherslu á hagnýtar upplýsingar (t.d. matseðla og upplýsingar um hvaða tímar falla niður). Talað var við ritara og málið var leyst.

Mötuneytið og símanotkun

- **Reglur í matsal:** Hugmynd var að símanotkun væri bönnuð í matsalnum.
- **Röðin í matsalnum:** Nemendur eiga að virða forgangs röðun árganga. Ef þeir mæta ekki á sínum tíma eiga þeir að fara aftast í röðina en ekki troðast framfyrir.
- **Matarkönnun:** Gerð var könnun í „Hvað er að fréttu?“ um hvað nemendur vilja sjá í matinn. Vinsælustu réttirnir voru mexíkósk kjúklingasúpa, pylsupasta, hakk og spaghetí, pasta með kjúklingi/grænmeti og grjónagrautur. Tortillur/mexíkóskur matur fékk líka góðar undirtektir. Gaman væri að bæta því á matseðilinn.
- **Símahótel:** Jafnframt var rætt um hertar reglur varðandi símahótel í tímum; ef nemandi neitar að setja símann í hótelið fær hann fjarvist.

3. Starfsáætlun (Plan) fyrir næsta skólaár (2026–2027)

Út frá umræðum vetrarins hefur Réttindaráð sett saman eftirfarandi aðgerðaáætlun fyrir næsta ár:

Kynningar og lýðræðisumbætur

- **Kynna skref 17** í innleiðingu Réttindaskóla fyrir nemendum.
Það er: börn eru upplýst um framgang aðgerða og geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri
- **Kynna skólablaðið** og niðurstöður kannana betur fyrir nemendum. Auka samstarf á milli.
- **Lýðræðislegar kosningar:** Halda kosningar fyrir skólaráð í Uglu strax í upphafi skólaársins.
- **Upplýsingaflæði:** Stofna sérstakt Google Classroom fyrir Réttindaráðið til að halda utan um gögn og samskipti.

Bætingar á skólahúsnæðinu (Merkingar)

- **Aukið aðgengi:** Setja upp blindamerkingar fyrir þrep og blindraletur (braille) við hverja stofu.
- **Skýrari merkingar:** Uppfæra og laga almennar merkingar á öllum stofum skólans t.d. númer og fag.
- **Gagnlegar skreytingar:** Setja margföldunartöfluna í stigann til að nýta umhverfið til náms.

Umbætur í mötuneyti (Matur og upplýsingar)

- **Matseðillinn á fleiri staði:** Hengja matseðillinn upp á fleiri áberandi stöðum (t.d. framan við matsalinn) og uppfæra hann mánaðarlega.
- **Kaupa seglaplast** eða viðeigandi ramma til að halda matseðlunum snyrtilegum.
- **Heimasíða Víkurskóla:** Tryggja að matseðillinn á heimasíðu skólans sé réttur í upphafi hvers mánaðar.
- **Breytingar á matseðli og kaldaborði:**
 - Fara yfir matseðilinn og vinna í að uppfæra matseðil í samstarfi við Tedda.
 - Bjóða upp á mexískóska kjúklingasúpu og salatbar oftár.
 - Bæta ananas, brokkolí og fjölbreyttari ávöxtum og grænmeti í kalda borðið.
 - Skoða málið varðandi laukfeiti.
 - Hafa sítrónu og kokteilsósu í boði þegar steiktur fiskur er á boðstólum.
- **Græn nýsköpun:** Rækta ferskar jurtir innandyra sem hægt er að nota í matar-/tegerð. Skoða að kaupa ræktunarkassa með ljósi.

Skýrsla var samþykkt af Réttindaráði þann 28. maí 2026.